

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 17. apríl 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-20/2015:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 4. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Snýr ágreiningur aðila annars vegar að fjárhæð sölubókunnar gagnaðila vegna bifreiðaviðskipta álitsbeiðanda, en hins vegar vegna greiðslu bifreiðagjalda vegna sömu viðskipta. Telur álitsbeiðandi fjárhæð sölubókunnar vera of háa miðað við það sem samið var um, en hins vegar telur hann sig hafa ofgreitt bifreiðagjöld vegna þeirrar bifreiðar sem keypt var. Þau viðskipti sem ágreiningur á rætur sínar að rekja til fóru fram hinn 3. júní 2013.

**II**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um greiðslu bifreiðagjalda auk sölubókunnar í tengslum við viðskipti með bifreiðar, en viðskiptin fóru fram hinn 3. júní 2013. Varðar ágreiningurinn því störf og skyldur bifreiðasala þess er hafði milligöngu um umrædd bifreiðaviðskipti. Um skyldur bifreiðasala er fjallað í lögum nr. 28/1998 um verslunarviðskipti. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Rétt er að benda á að skyv. 19. gr. laga nr. 28/1998 um verslunarviðskipti er eftirlit með starfsemi bifreiðasala í höndum sýslumanns í því umdæmi sem starfstöð bifreiðasala er.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir